

Brjef ráðgjafans tyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar 138 á lagafrumvarpi um eptirlaun. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 13. nóv. f. á., hafið, 10. nóv. þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, er upp hafið verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á hinu reglulega alþingi 1893, um eptirlaun.

Viðvíkjandi lagafrumvarpi þessu hafið þjer látið í ljósi, að reyndar verði því ekki neitað, að eptirlaunabyrði landssjóðs hafi verið óhlutfallslega mikil síðustu ár, þar sem hún t. d. 1890 hafi verið nálega tíundi hluti af öllum gjöldum landssjóðs, og að þetta hafi vakið almenna óánægju meðal gjaldenda, og ósk um afnám allra eptirlauna eða að minnsta kosti mikla lækkun á eptirlaununum eins og þau eru samkvæmt eptirlaunalögunum frá 1855, en á hinn bóginn hafið þjer tekið fram, að þó að svo atvikist, að eptirlaunabyrði landssjóðsins um víst tímabil verði óhlutfallslega há, geti það ekki verið nægileg ástæða til þess að lækka verulega öll eptirlaun framvegis, úr því ekki geti álitizt, að eptirlaunin sjeu of há, hvorki í sjálfu sjer eða í hlutfalli við launin. Þjer hafið auk þess minnt á, að með launalögunum frá 9. desember 1889 sje þegar gjört mikið til þess, að ljetta eptirlaunabyrðina eptirleidis, með því að setja mjög niður launin til allra hinna hæstlaunuðu embætta, og hafið þjer því lýst þeirri skoðun yðar, að ekki sje gild ástæða til að gjöra gagngjörða breytingu á hinum gildandi reglum um útreikning eptirlauna, og að sjerstaklega hið fyrirbyggjandi frumvarp gangi allt of langt í því, að setja niður eptirlaun allra betur launaðra embættismanna, með því að þeir eptir núgildandi launalögum sjeu ekki svo vel launaðir, að vænta megi að þeir geti lagt upp til ellinnar af embættistekjum sínum. Loks hafið þjer tekið fram, að yður þyki miður rjett að leggja aðaláherzluna á lengd þjónustutímans, þegar um upphæð eptirlauna er að ræða, þannig að sumir embættismenn geti fengið meira en $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eptirlaun, en aðrir eptir jafnlanga embættisþjónustu geti ekki náð $\frac{1}{3}$, eins og yður einnig virðist það ósamkvæmni, að embættismaður, sem með 35 ára þjónustu ekki getur fengið $\frac{1}{3}$ af launaupphæð sinni í eptirlaun, skuli fá $\frac{2}{3}$, ef hann slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embætti, hversu stuttan tíma sem hann hefur verið í embættisþjónustu.

Eins og nú ráðaneytið heldur ekki, að því er snertir ákvörðun eptirlaunanna, getur álitid það sanngjarnt nje rjettlátt, að leggja alla megináherzlu á lengd þjónustutímans fremur en á upphæð launa þeirra, sem embættismaðurinn hefur haft, eins og gjört er í hinu fyrirbyggjandi frumvarpi, eins getur það ekki talið afsakanlega slíka niðurfærslu á eptirlaunaupphæðum þeim, sem nú eru, sem leiða mundi af ákvæðum frumvarpsins að því er hina betur launuðu embættismenn snertir. Að visu mundi niðurfærzlan að eins koma niður á fáum embættismönnum, en einmitt þessvegna mundi hún hafa tiltölulega litla fjárhagslega þýðingu fyrir landssjóðinn, jafnframt því sem hún yrði afar-tilfinnanleg fyrir hlutaðeigendur, er laun þeirra og þar með eptirlaunakjör eru þegar

138 mjög skert með launalögunum 9. desbr. 1889, sem stjórnin þá mjög svo hikaði 10. nóv. sjer við að staðfesta einmitt af þeirri ástæðu.

Af þessum ástæðum hefur ráðgjafanum ekki þótt hið fyrirbyggjandi frumvarp til þess fallið að verða að lögum, og hefur hann því í allra þegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til, að því sje synjað konungsstaðfestingar, og hefur hans hátign konunginum í dag allra mildilegast þóknazt að samþykkja þá tillögu.

Þetta er hjer með þjónustusaml. tilkynnt yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

139 Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
10. nóv. ingar á lagafrumvarpi um breyting á hluttöku safnaða í veitingu brauða — Með þóknanlegu brjefi dags. 11. nóv. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hing að lagafrumvarp, sem upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykk- á alþingi 1893, um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veit- ingu brauða.

Viðvíkjandi þessu lagafrumvarpi hafið þjer tekið fram, að breyting sú á núgildandi lagafyrirmælum um hluttöku safnaða í veitingu brauða, sem til sje ætlað með því, sje hvorki meira nje minna en það, að svipta stjórnina öllum áhrifum á kosning presta, og í raun og veru láta söfnuðina eina um þetta að öllu leyti, og hafið auk þess látið í ljósi, að reynsla sú, sem fengizt hafi á þeim rúmlega 6 árum, sem liðin eru síðan lögin frá 1886 gengu í gildi, sýnist ekki mæla með því, að auka áhrif þau, er söfnuðunum með þeim er leyft að hafa á veitingu brauða. Jafnframt því og þjer auk þess hafið skirskotað til þess, að lagafrumvarpið þannig gangi alveg í sömu stefnu eins og lög þau, er alþingi samþykkti 1881 og 1883 um kosningu presta, en var synjað konungsstaðfestingar af þeim ástæðum, sem greindar eru í ráðgjafabrefi 28. júní 1882 og í athugasemdunum við frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir þingið 1885 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, hafið þjer lýst því yfir, að þjer fáið ekki sjeð að hið umrædda frumvarp sje til þess fallið að öðlast konungsstaðfestingu.

Þessa skoðun yðar hefur ráðaneytið orðið að fallast á í öllum greinum. Af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í umgetnum frumvarpsástæðum og nefndu brefi dags. 28. júní 1882 (Stjt. B. 1882, bls. 118) getur ráðaneytið ekki talið heppilegt það fyrirkomulag, að leggja prestkosninguna að öllu leyti í vald safnaðanna, og þess vegna hefur ráðgjafinn í allra þegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til, að frumvarpinu sje synjað staðfestingar, og hefur hans hátign konunginum í dag þóknazt allra mildilegast að samþykkja þá tillögu.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.